

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 554/2011 um Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

a. Heiti 7. gr. skal vera: *Starfsfólk*.

b. Í stað orðanna „eiga akademískir starfsmenn“ í 1. málsl. koma orðin: á akademískt starfsfólk.

2. gr.

Í stað orðanna „fastra akademískra starfsmanna“ í 5. málsl. 1. mgr. 11. gr. reglnanna koma orðin: fasts akademísks starfsfólks.

3. gr.

Í stað orðanna „vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar“ í 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. reglnanna koma orðin: rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar og rannsóknalektorar.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. og 1. og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, eru settar í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast gildi 1. júlí 2025.

Háskóla Íslands, 12. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025